

Kennsluáætlun 2025 - 2026 haustönn

Íslenska í 9. bekk

Í íslensku eru 4 kennslustundir (55 mín.) á viku. Kennarar eru Ágústa Ragnars og Heiðdís N. Hansdóttir.

Vinnulag

Í kennslustundum er lögð áhersla á málnotkun í víðu samhengi, lestur, lesskilning, ritun, umræður, túlkun og mat. Nemendur vinna ýmist einir eða í hópum. Heimanám er aðgengilegt á mentor.is og Google Classroom.

Vinnuáætlun

Tímabil	Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið – notuð við námsmat	Námsmat	Þættir aðalnámskrár
Ágúst - október	Íslendingasögur <i>Gunnlaugs saga ormstungu</i>	Nemandi getur □ hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks og skemmtunar □ greint aðal- og aukaatriði í texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða		Próf	Lestur og bókmenntir
Ágúst - október	Íslendingasögur <i>Gunnlaugs saga ormstungu</i>	Nemandi getur □ nýtt sér leiðbeiningar um framsögn s.s. viðeigandi talhraða og fas □ lesið og skilið texta frá fyrri tímum, áttað sig á því að þeir mótist af sögulegu samhengi og borið saman við eigin samtíð □ sett verkefni upp með skapandi hætti og viðeigandi frágangi		Hópverkefni	Lestur og bókmenntir

Kennsluáætlun 2025 - 2026 haustönn

Tímabil	Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið – notuð við námsmat	Námsmat	Þættir aðalnámskrár
September - nóvember	Málfræði – sagnorð <i>Málið í mark</i>	Nemandi getur □ áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra □ áttað sig hvernig orðaforðinn skiptist í fallorð, sagnorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra		Tvö próf á önninni	Málfræði
Október	Smásögur <i>Kveikjur/ Með fjaðrabliki</i>	Undirbúningur fyrir bókmenntagreiningu		Tímavinna	Vinnueinkunn
Október – nóvember tveir bekkir	Nútímabókmenntir <i>Úr myrkrinu</i>	Nemandi getur □ lesið, túlkað og metið fjölbreyttar bókmenntir, gamlar sem nýjar □ beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði, s.s. sögumaður, aðal-og aukapersónur, tími, sögusvið og boðskapur □ tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim		Lestrardagbók	Lestur og bókmenntir
Október – nóvember tveir bekkir	Nútímabókmenntir <i>Úr myrkrinu</i>	Nemandi getur □ nýtt sér leiðbeiningar um framsögn s.s. viðeigandi talhraða og fas □ hlustað á kynningar annarra af athygli og án truflana □ greint aðal- og aukaatriði í texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða		Hópverkefni	Talað mál, hlustun og áhorf Lestur og bókmenntir

Kennsluáætlun 2025 - 2026 haustönn

Tímabil	Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið – notuð við námsmat	Námsmat	Þættir aðalnámskrár
Október – nóvember tveir bekkir	Nútímabókmenntir Heim fyrir myrkur	Nemandi getur - lesið, túlkað og metið óslesna texta, gamla sem nýja - beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði, s.s. sögumaður, aðal-og aukapersónur, tími, sögusvið og boðskapur - samið texta frá eigin brjósti í skapandi ritun		Lestrardagbók	Lestur og bókmenntir Ritun og stafsetning
Október – nóvember tveir bekkir	Nútímabókmenntir Heim fyrir myrkur	Nemandi getur - nýtt sér leiðbeiningar um framsögn, s.s. viðeigandi talhraða og fas - sett upp verkefni með skapandi hætti og viðeigandi frágangi		Hópverkefni	Talað mál hlustun og áhorf Ritun
Október - desember	Stíllritun <i>Efni frá kennurum</i>	Nemandi getur - skipt texta í inngang, meginmál og lokaorð með greinaskilum á viðeigandi stöðum og eðlilegu flæði - samið texta frá eigin brjósti í skapandi ritun		Tímaritun	Ritun
Desember	Bragfræði <i>Bragfræði fyrir unglingastig</i>	Nemandi getur beitt grunnhugtökum í bragfræði við greiningu á texta, s.s. ljóðstafir, hrynjandi, myndmál, ljóðmælandi og rím		Próf/verkefni	Lestur og bókmenntir

Kennsluáætlun 2025 - 2026 haustönn

Tímabil	Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið – notuð við námsmat	Námsmat	Þættir aðalnámskrár
		□ lesið, túlkað og metið óslesna texta (hér ljóð), gamla sem nýja			